

Íslenskur iðnaður

Íslensk endurvinnsla í Lettlandi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra Íslands og Raimonds Vejonis umhverfisráðherra Lettlands gangsettu nýja verksmiðju í Riga höfuðborg Lettlands fyrr í mánuðinum. PET-Baltija verksmiðjan er að meirihluta í eigu Gámaþjónustunnar og mun endurvinna plastflöskur. Hún er stærsta og fullkomnasta verksmiðja sinnar tegundar í Eystrasaltslöndunum.

Á Íslandi er skilagjald á drykkjarvöru-umbúðum eins og PET flöskum. Umsýsla þeirra er í höndum Endurvinnslunnar hf. Um 1.700 tonn af PET flöskum falla til hérlendis árlega. Afkastageta nýju verksmiðjunnar er um 15.000 tonn á ári. Hún mun nýta hráefni af heimamarkaði í Lettlandi en einnig kaupa hráefni frá nágrannalöndum og víðar í Evrópu. Endurvinnslan hf. selur PET-flöskur sem safnast á Íslandi til endurvinnslu í þessari nýju verksmiðju. Verksmiðjan er byggð samkvæmt nýjustu tækni og mun endurvinna PET sem síðan er notað aftur í umbúðir fyrir matvælaíðnað.

Gamar Holding, eignarhaldsfélag Gámaþjónustunnar á meirihluta í PET-Baltija. Gámaþjónustan hefur undanfarin ár lagt síaukna áherslu á flokkun og endurvinnslu. Nýja verksmiðjan er stórt skref í þeirri þróun að draga úr sóun verðmæta með aukinni endurvinnslu. Hún eykur einnig möguleika á endurvinnslu sem ekki er arðbær hér á landi vegna smæðar markaðarins. Annað dæmi af þessu tagi er fyrirtækið Nordic Plast sem endurvinnur filmuplast. Það er að stærstum hluta í eigu Gámaþjónustunnar.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Elías Ólafsson, stjórnarformaður Gámaþjónustunnar og Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar



Flöskum er safnað þær baggaðar og endurunnar í nýju endurvinnsluverksmiðjunni



PET er skammstöfun fyrir efnið polyethyl-ene terephthalate og er hitamýkt kvoða af polyesterætt. Það er eitt mikilvægasta hráefni sem notað er í framleiðslu ýmissa gerviefna. (Heimild Wikipedia)

bls. 2




Hagvöxtur er svarið

bls. 4



65 ára

bls. 5



Pungur skriður á verðbólgunni

bls. 7




Fundur 7. október Orkunýting til hagsældar

bls. 8



Skortur á iðnaðarmönnum



Hagvöxtur er svarið

Takist Íslendingum ekki að skapa sér viðvarandi hagvöxt næstu árin verður ekki komist hjá djúpri og langvarandi niðursveiflu í þjóðarbúskap landsmanna. Ef hagvöxtur á að geta orðið viðvarandi þurfum við á erlendu áhættufé að halda ekki síður en erlendu lánsfé. Líklegast er að erlent áhættufé fáist í tengslum við markvissa nýtingu orkuauðlinda og til fjárfestinga í stóriðju af ýmsu tagi.

Alþjóðlegur vandi á fjármagnsmarkaði skaðar okkur eins og aðrar þjóðir heims. Vandinn hlýtur að taka enda og þá fer að glytta í betri tíma með eðlilegu ástandi á mörkuðum og viðunandi aðgengi að lánsfé fyrir íslenska banka og íslenskt atvinnulíf almennt. Eftir þá niðursveiflu sem nú er ríkjandi verður samt að gera ráð fyrir að erlendir bankar hafi varann á gagnvart smáþjóð eins og okkur. Margra spurninga verður spurt áður en lánsfé fer að streyma til okkar að nýju. Ein sú helsta verður hvort hagvöxtur sé í landinu og hvernig hagvaxtarhorfur séu til næstu ára. Þá verður einnig spurt um stöðugleika í stjórnámálum og stjórnsýslu.

Stöðugur hagvöxtur og verðmætasköpun

Íslendingar þurfa á jöfnum, stöðugum hagvexti og verðmætasköpun að halda. Við þurfum að greiða götu þeirra sem vilja fjárfesta og standa með okkur í eflingu atvinnulífs á Íslandi, hvaða nafni sem þeir nefnast, svo fremi sem verkefnið uppfylli almenn skilyrði eins og á sviði umhverfismála. Við getum ekki boðið upp á stjórnsýslu sem gerir ósanngjarnar og óaðgengilegar kröfur til atvinnurekstrar og kemur ekki hreint fram eins og dæmin hafa því miður sannað. Kröfur eftirlitsaðila þurfa að vera gagnsæjar og þær þurfa að liggja fyrir með skýrum hætti. Það er engan veginn boðlegt að breyta um leikreglur á miðri leið þegar fyrirtæki hafa lagt mikið á sig til að uppfylla kröfur yfirvalda og hafa jafnframt lagt fram mikla fjármuni sem geta tapast ef leikreglum er breytt fyrirvaralaust.

Þunglamaleg stjórnsýsla

Fréttir um að Íslendingar standist ekki samanburð við aðrar vestrænar þjóðir, meðal annars vegna þunglamalegrar stjórnsýslu, er dapurlegt að lesa. Skemmst er að minnast þess þegar norskt hátæknifyrirtæki hætti við að reisa sólar kísil-verksmiðju við Þorlákshöfn og ákvað að koma rekstrinum fyrir í Kanada. Hætt var við vegna þeirrar óvissu sem skapast við þann frest sem íslenskir umsagnaraðilar taka sér. Langt umhverfismatsferli og óviss orka í framhaldsáfangu voru meðal þess sem fældi frá.

Íslendingar verða að vera samkeppnishæfir á þessu sviði eins og öllum öðrum og því gleðja nýleg orð iðnaðarráðherra um að íslenskar eftirlitsstofnanir og ráðuneyti þyrftu að taka sig á til að frestir stæðust. Það væri hluti af gæðakröfum og gæðaeftirliti.

Óheppileg ákvörðun umhverfisráðherra

Vandinn hefur tengst öðrum en iðnaðarráðuneyti. Ákvörðun umhverfisráðherra um heildstætt umhverfismat vegna álvers á Bakka við Húsavík er skýrasta dæmið. Fæstir telja þörf á matinu en það mun tefja framgang málsins um eitt ár.

Skyndiinngríp af þessu tagi koma óorði á íslensk stjórnsmál, íslenskt stjórnkerfi og íslenskt atvinnulíf. Erlendir fjárfestar veigra sér við að vinna með þjóðum sem haga sér þannig. Þjóðum sem þeir óttast að ekki sé unnt að treysta.

Hingað til hefur það verið einn af styrkleikum Íslendinga að okkur hefur verið treystandi. Það er brýnt að viðhalda því álitni ef við ætlum að vera gjaldgeng í samstarfi við erlendir þjóðir á sviði atvinnuuppbyggingar.



Helgi Magnússon
formaður SI

Sérstaða Norðurlanda í alþjóðlegu efnahagskerfi



Áhyggjur iðnaðarmanna af of miklum byggingarhraða

Miklar áhyggjur eru uppi meðal iðnaðarmanna á Norðurlöndum af þeim mikla hraða sem einkennir byggingariðnað. Óorð komi á fagstéttir sem fá ekki nægilegan tíma til vandaðra vinnubragða og hönnuðir dragi úr gæðakröfum til að ná niður byggingakostnaði. Þetta var aðalurmæðuefni fundar Norrænna málameistarara NMO í Helsinki í lok ágústmánaðar.

Rædd voru gæðamál í byggingariðnaði og sér í lagi þá þætti sem snúa að málameisturum. Til að mæta þessari þróun hefur markvisst verið unnið að því að koma á stöðluðum vinnubrögðum og tryggja fagmennsku. Þannig vinna Norðmenn í samvinnu við norska staðlaráðið að löggjöf um málið. Danir hinsvegar hafa gefið út leiðbeiningarbæklinga sem notaðir eru til viðmiðunar við hönnun bygginga og úttekt á verkum.

Ásgeir Magnússon forstöðumaður skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri sótti fundinn. Hann segir nauðsynlegt fyrir íslenska málameistarara að fylgjast vel með þessari þróun og stöðu mála.



Formenn og framkvæmdastjórnar norrænu atvinnulífs- og iðnrekendafélaga

Staða Norðurlandanna í alþjóðlegu efnahagskerfi var efni árlegs fundar norrænna framkvæmdastjóra í atvinnulífi og iðnaði 29. ágúst síðastliðinn. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Reykjavík og var umræðuefni þrískipt. Áhersla var lögð á sérstöðu landanna, þróun á vinnumarkaði og stefnu í menntamálum.

Í umfjöllun um stöðu landanna í alþjóðlegu efnahagskerfi kom meðal annars fram að mikilvægt er fyrir þau að styrkja samkeppnishæfni og viðskiptatraust. Til þess ættu þau einkum að líta til nýsköpunar, menntunar og sköpunar í atvinnulífinu.

Ný sameiginleg skýrsla samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum um stöðu og horfur á norrænum vinnumarkaði var

kynnt. Þar kemur meðal annars fram að á Norðurlöndunum eru 10-15% fólks á vinnualdri utan vinnumarkaðar tímaþandi eða til frambúðar vegna heilsufarsvanda. Útlit er fyrir að fólki muni fækka á norrænum vinnumarkaði á næstu árum og áratugum. Fjölmennir árgangar eru auk þess að fara á eftirlaun og ungt fólk byrjar seinna að vinna en áður.

Menntamálin skipuðu stóran sess í umræðum fundarins og ljóst að Norðurlöndin glíma við á móta vandamál á því sviði. Alls staðar er verið að gera gagngerar breytingar á menntakerfinu sem meðal annars felast í aukinni þátttöku atvinnulífs og miðar að því að laða að fleiri nemendur í tækni- og iðnnám.

Átak í almannabágu á 10 ára afmæli HR

Nýtt verkefni Háskólans í Reykjavík *Þegar vel er sáð* var formlega hleypt af stokkunum á tíu ára afmæli skólans á dögunum. Þar bjóða nemendur og kennarar endurgjaldslausu vinnu sína til félagasamtaka í þágu almannaheilla.

„Með því að deila þekkingu og kröftum okkar með öðrum í almannabágu viljum við stuðla að auknum lífsgæðum í samfélaginu og jafnframt skapa gott fordæmi um samfélagslega ábyrgð fólks og fyrirtækja,“ segir í tilkynningu frá skólanum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var heiðraður sérstaklega vegna nýrra laga sem voru forsenda þess að skólinn var stofnaður á sínum tíma. Þá var veitt heimild til stofnunar einkarekinna háskóla. Þann 4. september 1998 varð Háskólinn í Reykjavík til við samruna Viðskiptaháskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. „Íslenskt háskólasamfélag hefur tekið gagngerum og gríðar-



lega jákvæðum breytingum á þessum 10 árum,“ segir ennfremur í tilkynningunni.

Á hátíðinni upplifðu nemendur og starfsfólk skemmtilega stemningu og gæddu sér á afmælisöku og pylsum í tilefni dagsins.



Klæðskera- og kjólameistarafélagið fagnar 65 ára afmæli

Frá vinstri, Selma Gísladóttir, formaður KK, Sigríður Bjarnadóttir, fyrirverandi kennari í Iðnskólanum, Sigrún Ástrós Sigurðardóttir, kjólameistari og Gerður Bjarnadóttir, ritari KK

Hátíðarkaffi til heiðurs klæðskerum og kjólameisturum var haldið í Tækni-skólanum skóla atvinnulífsins þann 3. september síðastliðinn. Tilefnið var 65 ára afmæli Klæðskera- og kjólameistarafélagsins. Sýning á gömlum flíkum fagfólks verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 19. - 22. september af sama til efni. Um 60 gínur verða klæddar upp í fatnað sem í sumum tilfellum hefur verið borinn af þekktum einstaklingum við opinberar athafnir.

Gróa Guðnadóttir segir í viðtali við Morgunblaðið að mun einfaldara sé að sníða og sauma kjóla í dag en á árum áður. „Það voru miklu meiri kröfur gerðar. Núna eru þetta hólkvíðir kjólar, svona eins og pokar.“

Selma Gísladóttir formaður félagsins segir í Fréttablaðinu að 12 konur hafi stofnað Félag kjólameistara í Reykjavík árið 1943. Þær hafi unnið að viðurkenningu og lögverndun greinarinnar. Árið 1977 tók fataiðndeild Iðnskólans til starfa og árið 1983 sameinuðust Félag kjólameistara, Félag kvennaklæðskera og Klæðskerameistarafélagið.

Um 100 manns eru í félaginu, en aðeins einn karlmaður sem ekki hefur starfað við fagið í 40 ár. Selma segir að þrátt fyrir að saumastofum hafi fækkað mikið sé nóg að gera. Fjöldaframleiðslan sé að mestu farin úr landi en ekki sé bara verið að sauma brúðarkjóra. „Það þarf að sauma fyrir leikhús og bíómyndir auk þess að sérsauma fyrir einstaklinga.“

Málaði lestarstöð í Helsinki



Gunnar fór með sigur úr bitum í Íslandskeppni iðnnema á sýningunni Verk og vit í apríl

Gunnar Guðjónsson tvöfaldur Íslandsmeistari í málaraiðn málaði þrjá veggja á lestarstöð í Finnlandi þegar hann tók þátt í keppni iðnnema í húsamálun á Norðurlandamóti málara. Keppnin fór fram í Helsinki dagana 28. - 31. ágúst og var hluti af ráðstefnu Norrænna málameistara sem haldin er annað hvert ár.

Gunnar segir að keppnin hafi verið erfið bæði vegna knappis tíma og ónæðis af þeim 150 þúsund manns sem fara um lestarstöðina daglega. Stöðin er hluti af vinsælli verslunarmiðstöð í borginni. Keppt var í litasamsetningu, litalögun, lökkun og skurði auk þess sem stafateikning og málun var tekin fyrir hjá dómnefnd.

„Við fengum ekkert að vita fyrr en daginn sem við byrjuðum og þá fengum við einn lit sem átti að vera ráðandi,“ segir hann. Útfærslan hafi verið frjálst en í verkefninu fólst að gera lógó, skrifa stafi og gera litamynstur á tvo veggja, þriðji veggurinn var frjálst. Tímarammi verksins voru 7 klukkustundir á dag í þrjá daga.

Það var finnski keppandinn Katja Jaatinen sem varð hlutskörpust að þessu sinni, en hún var önnur tveggja kvenna sem tóku þátt í keppninni. Alls tóku fimm þátt, einn frá hverju Norðurlandanna.

Gunnar sem útskrifaðist sem málari síðastliðin vor segir að reynslan muni koma honum vel. „Og þetta var mjög gaman og flottur staður til að halda svona mót og kynna fagið.“

REACH - Ertu ekki viss?

Fundur um nýja reglugerð um skráningu efna, mat, leyfisveitingar og takmarkanir. Fundurinn er haldinn 18. september Yale salnum á RadissonSAS Hótel Sögu kl. 09.00 - 12.00

Dagskrá

9.00 Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins
Breytt lagaumhverfi og aukin ábyrgð framleiðenda

Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu (ECHA)
Almenn kynning á REACH

Kaffihlé

Sigríður Kristjánsdóttir, Umhverfisstofnun
Skyldur íslenskra fyrirtækja og fyrstu skrefin

Doris Thieman, Efnastofnun Evrópu
Forskráning og leiðbeiningarskjöl

Samantekt og spurningar

Gestur fundarins er Doris Thieman, frá þjónustuborði ECHA. Fundurinn er öllum opin og aðgangur ókeypis. Skráning á mottaka@si.is eða í síma 591 0100.



GT Tækni fyrsta fyrirtækið með C-vottun



GT Tækni ehf. er fysta fyrirtækið sem hlýtur C-vottun gæðastjórnunarkerfis Samtaka iðnaðarins. Um er að ræða annan hluta kerfisins sem tekið er upp í fjórum áföngum. Framkvæmdastjóri GT Tækni segir vottunina forsendu samnings við stærsta viðskiptavin fyrirtækisins.

Ferdinand Hansen verkefnisstjóri SI segir að í gæðavottuninni felist að rekstur fyrirtækis sé gerður skilvirkari. Fyrirtækið fari í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Þannig aukist framleiðni og fyrirtækin skili meiri hagnaði. Þá felist mikið öryggi í því fyrir viðskiptavinum að vita að fyrirtæki sé vel stjórnað.

Bolli Árnason framkvæmdastjóri GT Tækni segir að vottunin skipti heilmiklu máli. Hún hafi meðal annars verið forsenda viðskiptasamnings við stærsta viðskiptavin fyrirtækisins, Elkem Ísland. Stefnt sé að því að klára vottunina á næsta ári.

Fyrirtækið sérhæfir sig í nýsmíði málm-og rafmagnsbúnaðar og sér meðal annars um alla tækniþjónustu og viðhald fyrir Spöl ehf. í Hvalfjarðargöngum.

„Við erum ekki að kúvenda einu eða neinu í rekstrinum, heldur breyta og bæta,“ segir Bolli. Betra skipulagi hafi verið komið á hlutina og aðgengi að upplýsingum bætt. Þetta sé hálfgerður gátlisti fyrir stjórnunarleg atriði sem skipti máli og þurfi að vera í lagi.

„Vottunin var eitt af því sem menn settu fram sem skilyrði fyrir samningnum sem er til tiltölulega langs tíma. Þess vegna vildu menn sjá að við færum þessa leið,“ segir Bolli. „Enda er markmið fyrirtækisins gæðavinubrögd og framúrskarandi þjónusta.“


Þungur skriður á verðbólgunni

Svo virðist sem afleiðingar gengisfalls krónunnar á fyrri hluta ársins séu að koma fram af fullum þunga. Í ágúst mældist 12 mánaða verðbólga 14,5% og hefur hún ekki verið hærrí síðan í júlí 1990. Þetta gerist þrátt fyrir að stýrivextir séu 15,5%. Á sama tíma er niðursveifla í efnahagslífinu staðreynd með vaxandi atvinnuleysi og erfiðleikum í rekstri margra fyrirtækja. Mikil verðbólga samhliða samdrætti eru afar krefjandi aðstæður fyrir stjórnvöld. Samdráttur í efnahagslífinu kallar á vaxtalækkun en að mati Seðlabankans kallar mikil verðbólga raunar á hið gagnstæða.

Síðustu vikur hefur olíuverð á heims-

markaði verið að lækka og það ætti að stuðla að lækkandi olíuverði hérlendis. Einnig hefur verð á korni farið lækkandi eftir mjög miklar hækkanir undanfarin misseri. Að óbreyttu gæti það ýtt undir lækkandi matvælavæð. Þessi þróun styður við lækkandi verðbólgu en gengi krónunnar er sem fyrr stór óvissuþáttur. Ef gengið verður áfram veikt munu áhrif lækkana á hrávöru koma hægt fram í lækkandi verðbólgu. Líklegt er að verðbólgan hafi náð hámarki og muni hjaðna nokkuð á næstu mánuðum. Það tekur hins vegar talsverðan tíma fyrir verðbólguna að lækka því hún er mæld sem 12 mánaða breyting verðlags.

Samhengi verðbólgu og gengis krónunnar 2000-2008



Á Íslandi helst þróun verðbólgunnar að miklu leyti í hendur við gengisþróun krónunnar. Þetta sterka samband er raunar frumorsök þess að erfiðlega gengur að hafa hemil á verðbólgunni og krónan er afar óstöðug.

Álframleiðsla þrefaldast frá árinu 2002

Frá árinu 2002 hefur álframleiðsla aukist úr 282 þúsund tonnum í 760 þúsund tonn á þessu ári. Á Íslandi starfa tæplega 1500 manns við álver og afleidd störf eru um 3.100. Þetta kemur fram í Fréttablaðinu og er svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn varaformanns Framsóknarflokksins.

Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki, spurði hvert framlag áliðnaðar til þjóðarþúsins væri. Í svari ráðherra kemur fram að heildartekjur ríkissjóðs af iðnaðinum liggja ekki fyrir en einn og hálfur milljarður hafi verið greiddur í tekjuskatt frá álfyrirtækjunum árið 2007. Útflutningstekjur hafi numið tæpum 18% af heildarútflutningstekjum fyrir vörur og þjónustu. Hlutfallið fari upp í 30% á þessu ári og yfir þá prósentutölu á næsta ári.



Samtök iðnaðarins auglýsa styrki lausa til umsóknar

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannaúði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni og kennsla við hæfi. SI auglýsa eftirfarandi styrki lausa til umsóknar:

Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað

Styrkir til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum SI

Umsóknarfrestur er til 1. október

Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is

Sigraði bakara-keppni á 100 ára afmælinu

Kristján P. Sigmundsson bakari í Sveinsbakaríi sigraði keppni um brauð ársins 2008 en bakarið fagnar aldarafmæli á þessu ári. Kornax stóð fyrir keppninni í samstarfi við Landssamband bakarameistara. Sportbrauð Kristjáns vakti mesta hrifningu hjá dómnefndinni. Brauðið er hollt og matarmikið og verður til sölu hjá flestum bakaríum í vetur.

Hjálmar E. Jónsson eigandi Sveinsbakarís sagðist í viðtali við Fréttablaðið vera ánægður með árangurinn. Hann vonist til að brauðið sé komið til að vera. Mikið hafi breyst á þeim þremur áratugum sem hann hafi unnið í greininni. Margar gamlar tegundir séu döttnar út og nýjum hafi fjölgað.



Hjálmar E. Jónsson og Kristján P. Sigmundsson

Hjá Sveinsbakaríi starfa nú fjórir bakarar og tveir aðstoðarmenn auk 16 starfsmanna. Ekki er stefnt að stækkun á næstunni en Hjálmar segir að verslunin í Skipholti muni fá andlitslyftingu á næstu mánuðum.

Silfurstrákurinn hæstur á sveinsprófi í bakaraiðn

Björgvin Páll Gústafsson markmaður íslenska landsliðsins í handbolta og silfurverðlaunahafi á Ólympíuleikunum í Peking var hæstur á sveinsprófi í bakaraiðn í vor. Jói Fel lærimestari Björgvins segir hann með ótrúlega skipulags- og samskiptahæfileika sem skili honum miklum árangri á báðum sviðum.

Björgvin er við nám hjá Jóa Fel og útskrifast síðar á þessu ári. Jói segir að hetjan hafi staðið sig jafnvel í bakaríinu og hann hafi gert á Ólympíuleikunum. Bæði í vinnu og í samskiptum við aðra. Björgvin sé einn af betri bakaranemum sem hann hafi séð. „Og hef ég séð þá



marga í gegnum árin.“ Það var samkomulag milli þeirra að hliðra til fyrir handboltanum þegar á þyrfti að halda. „Þess vegna finnst mér ég eiga hlut í markmannspeysunni,“ segir Jói að lokum en bætir við:

„Hans verður sárt saknað þegar hann fer í atvinnumennskuna í Þýskalandi.“

Búist við frekari fjárfestingum NimbleGen á Íslandi

Markaður fyrir örflöguframleiðslu NimbleGen fer vaxandi. Rannsóknir og þróun í tengslum við framleiðsluna hér á landi verða auknar og gert ráð fyrir að reksturinn skili hagnaði á næstu 2-3 árum. Gerard Maas forstjóri Roche NimbleGen á Íslandi segir í viðtali við Fréttablaðið að félagið vilji gjarnan eiga samstarf við íslenskt háskólasamfélag.

Fyrirtækið framleiðir örflögur til líftæknirannsókna og vinnur að þjónusturannsóknum með örflögutækni. Höfuðstöðvar NimbleGen eru í Bandaríkjunum þar sem fyrirtækið var stofnað fyrir tæpum áratug. Svissneska lyfjafyrirtækið Roche keypti félagið á síðasta ári fyrir um 17 milljarða og hefur í allt fjárfest í fyrirtækinu fyrir 24 milljarða. Hér á landi starfar um þriðjungur starfsfólksins eða 75 manns.



Maas segir að tæknin eigi eftir að auka virkni lyfja og markaðurinn sé að taka við sér. Hann hafi ekki vaxið í takt við fjölda líftæknifyrirtækja sem spruttu upp á sínum tíma. Maas segist þó vera bjartsýnn á áframhaldandi vöxt NimbleGen.



Styttur borgarinnar

fengu hatta

Styttur miðborgarinnar skörtuðu sínu fegursta á menningarnótt þegar þær voru klæddar í sérsaumaða hatta. Það var Helga Rún Pálsdóttir búninga- og klæðskerameistari sem hannaði og framleiddi hattana. Hún segir að tíðarandi og persónuleiki þeirra merku manna sem stytturnar eru af hafi haft úrslitaáhrif á útkomuna. Hattarnir hafi vakið athygli og fengið miklar og góðar undirtektir.

Verkefnið var hluti af þema Höfuðborgarstofu *Torg í borg* og var ætlað að draga athygli að torgum borgarinnar.

„Það hefur alltaf stungið mig að stytturnar þessara miklu manna úr sögu okkar séu hattlausar. Þessir menn hefðu ekki farið út úr húsi án hattanna sinna,“ segir Helga „Jón Sigurðsson gekkst til dæmis upp í því að vera með fallega pípuhatta og regnhlífir reyndar líka.“

Verkefnið tók 10 daga í vinnslu. Helga hafði áður unnið heimildarvinnu um

fatnað og tíðaranda á þessum tímum í heimildarmyndum um Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson. „Mig langaði líka að vekja fólk til umhugsunar. Þú sérð stytturnar öðruvísi þegar hún er með mjúkan hlut á sér,“ segir hún.

Einum hatti var þó stolið á menningarnótt. Það var hattur Jónasar Hallgrímssonar. Helga segist hafa átt von á því að einhver hattanna myndi hverfa, en hún áætlað að kostnaður við hvern hatt sé tæplega 100 þúsund krónur. „Ég vona bara að sá sem tók hann sé með nógu stórt höfuð fyrir hattinn, því þótt manni finnist stytturnar vera í venjulegri stærð þá eru þær miklu stærri og hlutföllin skrítin. Þannig eru höfuðin hlutfallslega stærri en búkarnir.“

Gutenberg og Kassagerðin sameinast Odda



Prentfyrirtækin Oddi, Gutenberg og Kassagerðin verða sameinuð undir nafni Odda hinn 1. október næstkomandi. Í tilkynningu frá fyrirtækjunum segir að sameiningin feli ekki í sér breytingu á eignarhaldi en fyrirtækin hafa öll verið í eigu Kvosar hf. Framleiðsluhluti félaganna hefur verið sameinaður. Verkefnastaða er mjög góð eftir því sem segir í tilkynningunni og fjárhagur traustur. Mannabreytingar verða óverulegar en nýr framkvæmdastjóri Odda er Jón Ómar Erlingsson. Sameinað fyrirtæki mun sinna almennri prentun, umbúðaprentun, umbrotsvinnu, prenthönnun og vöruhýsingu.

Fyrirtækin þrjú eru öll rótgróin á íslenskum prentmarkaði. Gutenberg er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1904 og Kassagerðin hóf starfsemi árið 1932. Prentsmiðjan Oddi hefur þjónað Íslendingum frá árinu 1943 og er í dag meðal fullkomnustu og öflugustu prentsmiðja á Norðurlöndum.

Nýir félagsmenn

Outcome hugbúnaður ehf.
Bíldshöfða 18
1110 Reykjavík

Basis ehf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík

Sprettur þróun ehf.
Klapparstíg 28
101 Reykjavík

Topp verktakar ehf.
Lækjasmára 21
201 Kópavogur

Hjörtur Jónsson
Læk, Ölfusi
801 Selfoss

Orkunýting til hagsældar

7. október 2008 kl. 8:30 - 10:00

Gullteigur, Grand Hótel

Morgunverður í boði SI kl. 8.00 – 8.30.

SI efir til morgunverðarfundar um nýtingu orkuauðlinda.

Dagskrá:

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar

Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls

Pallborðsumræðum stýrir Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri miðlunar hjá SI

Fundarstjóri: Helgi Magnússon, formaður SI

Fundurinn er opin en tekið er við skráningum á netfangið mottaka@si.is.

SI

Samtök iðnaðarins

Skortur á iðnaðar- mönnum

- eitt mesta vandamál Norðurlanda

Allar Norðurlandþjóðirnar standa aframmi fyrir miklum skorti á iðnaðarmönnum sem talinn er hindra frekari árangur við þróun atvinnulífsins. Þetta kom fram á fundi samtaka málm- og véltækniyrirtækja á Norðurlöndunum (SVAPU) nú síðsumars. Færri læra til þessara starfa en verið hefur og unga fólkið sækir í aðrar námsgreinar sem svara ekki kröfum um þekkingu og hæfni sem nútíma málm- og véltækniyrirtæki þurfa á að halda. Danir telja einsýnt að aukning þjóðarframleiðslu á þessu ári verði helmingi minni en á því síðasta vegna þess að fyrirtækin fá ekki hæft fólk til starfa þetta leiðir til þess að Danir, og aðrar Norðurlandþjóðir, verða af verðmætum störfum og útflutningsframleiðslu sem er undirstaða velmegunar í landinu. Þeir álíta þetta eina höfuðmeinsemd í skólakerfinu og á því verði að taka af festu ef ekki á illa að fara.

Nærri lætur að danskur iðnaður þurfi að bæta við sig 100 þúsund manns, einkum iðnaðarmönnum, til að nýta tækifæri sem felast í greininni. Skorturinn kemur niður á samkeppnishæfni fyrirtækjanna og á þjóðarbúinu í heild.

Mikilvægi raungreina

Forystumenn Norðurlandanna í málm- og véltækni iðnaði eru allir sammála um að lyfta þurfi grettistaki með stjórnvöldum landanna til að auka áhuga grunnskólanna á raungreinum, svo sem stærðfræði, eðlisfræði, tungumálum og hand-

verki. Góður árangur Finna á því sviði síðustu ár hefur vakið athygli. Þetta hafa þeir meðal annars gert með þátttöku í alþjóðasamstarfi, aðild að ESB og upp-töku evru. Á nokkrum árum hefur þeim tekist að koma atvinnuleysi úr tugum prósentu niður fyrir 7%. Samt eru Finnar komnir að endimörkum og sitja í sömu súpunni og aðrar Norðurlandþjóðir. Skortur er á hæfu starfsfólki til tækniyrirtækja sem afla 60% gjaldeyrstekna Finnlands.

Fleiri í iðnnám

Norrænar þjóðir, þar á meðal Íslendingar, verða að stórefla fræðslu og áhuga unga fólksins í grunnskólum á raungreinum. Fyrirtæki, sem geta boðið áhugaverð og vel launuð störf, þurfa að fá þá starfsmenn sem þau sækjast eftir. Fari ungt fólk í iðnnám að loknu grunnskólanámi, öðlast það starfsréttindi í tiltekinni iðngrein um tvítugt. Síðan getur það valið um að starfa áfram í greininni eða haldið til frekara náms. Reynslan sýnir að iðnlærðir standa sig að jafnaði betur í framhaldsnámi en aðrir, samanber könnun Háskólans í Reykjavík á árangri nemenda sem luku iðnnámi áður en þeir hófu nám þar.

Iðnlærðir ráða úrslitum

Einn helsti mælikvarði á stöðu þjóða og velmegun er fjöldi háskólalærðra. Spurning er hins vegar hvort aukin háskólamenntun sé orsök eða afleiðing af aukinni hagsæld. Bent hefur verið á að menntun þegnanna verði einnig að taka mið af atvinnugreinum sem þurfa mest á vel menntuðu starfsfólki að halda. Fyrir þremur árum var borin saman þörf atvinnulífsins fyrir iðnmenntað fólk og raungreinmenntað háskólafólk. Niðurstaðan var sú að skólakerfið framleiðir aðeins um 73% af þörf atvinnulífsins fyrir iðnmenntað fólk og um 68% af þörf atvinnulífsins fyrir raungreinmenntað fólk. Ekkert bendir til þess að þetta bil milli eftirspurnar og framboðs á þekkingu og þjálfun fyrir atvinnulífið sé að minnka.

Hver sú þjóð sem ætlar sér að auka velmegun þegnanna með því að efla tæknisamfélagið þarf að móta menntastefnu í samræmi við það. Tryggja þarf að skólar útskrifi nemendur sem uppfylla



Ingólfur Sverrisson
forstöðumaður málm- og véltækni sviðs

þekkingar- og færnikröfur sem fyrirtæki þurfa á að halda á hverjum tíma.

Niðurstaða fundarins var að gera verði stórátak til að efla verk- og tæknimenntun á Norðurlöndum. Þar gegnir iðnnámið lykilhlutverki og ræður úrslitum um hvort hægt verður að nýta möguleika til arðbærrar framleiðslu.

Vantar fólk og laun ekki vandamál

Íslenska iðnaðarmenn vantar sárlega til starfa hjá málmíðnaðarfyrirtækinu Héðni í Garðabæ. Reglulegar auglýsingar fyrirtækisins hafa lítinn árangur borið. Guðmundur S. Sveinsson framkvæmdastjóri Héðins segir í Fréttablaðinu að nóg sé að gera og hin margumrædda kreppa komi hvergi nærri: „Þvert á móti vantar okkur fólk til starfa, og mikið af því.“

Guðmundur segir launin ekki vera vandamálið. Þeim fækki hins vegar sem leggi fyrir sig nám í málmíðnaði og véltækni. Fólk hafi sótt meira í nám á viðskiptasviðum og skortur á iðnaðarmönnum gæti orðið víðtækt vandamál.

Héðinn er 86 ára gamalt fyrirtæki og flytur í nýtt húsnæði í Hafnarfirði um áramótin. Guðmundur hvetur járniðnaðarmenn af öllu tagi til þess að sækja um vinnu hjá sér.

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
9. tbl. 14. árg. september 2008
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 12.09.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán, Þorvaldur Örn Kristmundsson, MBL.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófkalestur: Rakel Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot/efnisöflun: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

